

Starfsáætlun Birkiholts

Skólaárið 2020-2021

- Á deildinni eru 25 börn fædd 2016, 14 drengir og 11 stúlkur.

Starfsfólk deildarinnar:

- Hafdís – Kennari og deildarstjóri.
 - Bjarkey – Kennari.
 - Steinunn Erla – Kennari B.ed.
 - Tara Lind – Starfsmaður í leikskóla.
 - Dórótea María - Starfsmaður í leikskóla.
 - Sigþór Gunnar- Starfsmaður í leikskóla. *Kennir hreyfistundir.*
-
- Sérkennsla er nokkur á Birkiholti og á hún sér stað bæði inni á deild í litlum hópum en einnig í daglegu starfi. Sérkennarar sinna auk þess einstaklingskennslu í svokölluðum vinnustundum.
 - Sérkennararnir eru:
 - Gunnlaug - Sérkennslustjóri
 - Katý - Sérkennari
 - Kristjana – Kennari/Sérkennari

Á Birkiholti er unnið með námsviðin heilbrigði og vellíðan, læsi og samskipti, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Við fléttum inn í starfið SMT skólafærni, Lubbi finnur málbein, stærðfræði, Stig af stigi og uppbyggingu sjálfsmýndar. Við höfum til hliðsjónar Skólustefnu Akureyrarbæjar, Aðalnámskrá leikskóla og lög um leikskóla.

Læsi og samskipti

- Læsi er ofið inn í alla þætti leiks og starfs. Markvisst er unnið að málörvun, tjáningu, orðaforða og málskilning. Unnið er að því að efla rökhugsun, talnaskilning og rýmisvitund barna sem og hljóðkerfisvitund.
- Umhverfið er lestrarhvetjandi með bókstöfum, námsefni og leikföngum. Ritmálið er sýnilegt sem og stærðfræðileg hugtök, tölur og form.
- Námsefnið Lubbi finnur málbein ýtir undir hljóðnám, stafa-hljóðabekkingu og fleiri undirstöðupætti lestrarnáms. Vikulega er tekinn fyrir bókstafur úr máhljóðastafrófi Lubba. Unnið er með máhljóðið og bókstafinn í sameiningu með söng, lestri og umræðum. Bókstafurinn er hafður sýnilegur á matarborðum og í fataherbergi.
- Skrifffæri eru reglulega í boði og börnin eru hvött til að merkja verk sín sjálf með nafni eða upphafsstaf .
- Afmælisdagatal barnanna hangir uppi á deild. Börnunum er frjálst að taka nöfn sín af dagatalinu og skrifa eftir þeim.
- Þrjár samverustundir eru yfir daginn.
- Í upphafi dags er samverustund þar sem kennari fer yfir dagskipulagið með börnunum, mánaðardag, veður, matseðil, máhljóð og orð vikunnar,
- Orð vikunnar eru tekin upp úr Orðaforðalistanum og tengd við máhljóð vikunnar. Orðaforðalistinn var tekinn saman af Menntamálastofnun og inniheldur hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu.
- Mikil áhersla er lögð á lestur og bækur. Bækur eru alltaf aðgengilegar og kennarar lesa reglulega fyrir börnin, ræða við þau um innihaldið og spyrja spurninga. Vakin er athygli á ritmálinu og höfundu. Hugað er að lesátt og orð eru tekin fyrir með markvissum hætti.
- Börnin kynnast íslenskum skáldum og rithöfundum, þau semja ljóð, búa til myndbönd, læra vísur og lög. Lagaval fer eftir árstíðum, hátíðum og hefðum í samfélaginu eða fyrirfram ákveðnum þemum. Jafnframt er farið í leiki þar sem áhersla er lögð á stafrófið, rím, takt og hljóðgreiningu eða aðra leiki sem ýta undir athygli og einbeitingu.
- Á þriðjudögum er unnið markvisst með spil, leiki, söng og smáforrit í spjaldtölvu sem ýta undir lestrar- og stærðfræðináms barna.
- Pálmholt notast við Mio skimunarlista fyrir stærðfræði. Kennarar fylgjast með stærðfræðifærni barnanna og fylla út þar til gerðan lista þegar börnin eru 2,5, 3,5 ára og 4.5 ára. Þessi skimun kannar rökhugsun og talnaskilning og tilgangurinn er að finna þau börn sem þurfa á stuðningi að halda með snemmtækri íhlutun.
- Í hópastarfi, valstund og samverum fá börnin tækifæri til að tjá skoðanir sínar, koma fram, segja sögu eða syngja. Börnin þjálfast í að lesa í aðstæður, hlusta og sýna virðingu þegar aðrir eru að lesa eða tala.
- Vikulega stjórnar kennari frá Tónlistarskólanum sameiginlegri söngstund. Þessir tímar kallast Söngvafloð og eru samstarfsverkefni leikskóla Akureyrarbæjar og Tónlistarskólans á Akureyri.
- Í nóvember, í kringum dag íslenskrar tungu, verður póstkassi á deildinni. Í hann má setja bréf eða póstkort og jafnvel myndir með útskýringum sem börnin gera með foreldrum sínum eða aðstandendum. Í samverustund les kennari bréfin með börnunum. Póstkassinn verður einnig notaður í desember.
- Eftir áramót fá börnin að koma með bók að heiman sem þau lesa, með aðstoð mynda, í samveru. Þessi sögustund þjálfar börnin í að koma fram, endursegja sögu með myndirnar sér til stuðnings og tengja saman orðin í bókinni við það sem þau eru að segja.
- Börnin hafa frjálst aðgengi að bókum svo lengi sem þau fari vel með þær. Börnin mega auk þess koma með bók í leikskólann.
- Þekking barnanna á bókstöfunum er könnuð þrisvar yfir árið. Tilgangurinn er að kanna hvort börnin sýni framfarir og þá hvort áherslur deildarinnar skili sér í áhuga barnanna á stöfunum.
- Leikur er ríkjandi í starfi leikskólans og er ein helsta þroska- og námsleið barna. Börnin fá ríkuleg tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í leik og starfi og endurskapa þar upplifun sína og reynslu.
- Í hreyfistundum er notast við námsefnið Leikur að læra. Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem börnum eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, lífflegan og árangursríkan hátt.
- Í hópastarfi er börnunum skipt í þrjá hópa og unnið er eftir ákveðnum þemum. Inn í þemavinnuna tengjast allir helstu þættir aðalnámskrár, læsi, stærðfræði, sköpun, vettvangsferðir, sjálfbærni og svo áfram mætti telja. Þau þemu sem verða tekin fyrir eru: Haustið, hafið, íslenskt mál, vísindi, margbreytileiki, fjölmening, stærðfræði, líkaminn ofl.

Heilbrigði og vellíðan

- Möguleikar barna á að öðlast sterka sjálfmynd felast að miklu leyti í því hvernig svörun þau fá við öllum sínum gjörðum og verkum sem og framkomu og viðmóti þeirra sem að þeim standa. Á Birkiholti leggja kennarar sig fram

við að veita börnunum hlýju, virðingu, hvatningu og viðurkenningu sem og þeir setja reglur, gefa útskýringar og hlusta.

- SMT agastefnan leggur ríka áherslu á jákvæða svörun, reglur og hvatningu. Börnin safna brosum og halda umbuna veislur.
- Í hópastarfi er unnið með þemun margbreytileiki, fjölmening og líkaminn. Lögð er áhersla á líkamsvitund og virðingu fyrir eigin líkama og annarra. Í þemavinnunni er komið inn á fjölbreytileikann og fjölskylduna en auk þess eru unnin verkefni í tengslum við sjálfsmynd barnanna og styrkleika.
- Á afmælisdegi barnanna taka kennarar saman það jákvæða sem börnin hafa um afmælisbarnið að segja og setja saman texta sem fer í ferilmöppu barns.
- Unnið er að því að ýta undir vináttusambönd, tengslamyndum og jákvæð samskipti barnanna. Til að efla félags- og tilfinningaþroska barnanna er notast við kennsluefnið *Stig af stigi*. Börnin æfa sig í að setja sig í spor annarra sem og að leysa úr vanda. Í Stig af stigi er farið yfir frumtilfinningarnar 6 með það að markmiði að börnin eflist í að setja orð á tilfinningar sínar, sem er einn liður í að læra að þekkja sjálfan sig og styrkja eigin sjálfsmynd.
- Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði og þrautsegju barnanna í flestum athöfnum daglegs starfs. Börnin eru hvött til að leysa úr vanda sjálf og nota til þess félagslegan skilning.
- Leikur er ríkjandi í starfi leikskólans og er ein helsta þroska- og námsleið barna. Börnin fá ríkuleg tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í leik og starfi og endurskapa þar upplifun sína og reynslu. Börnin velja sér leiksvæði þar sem 2-3 leikfni eru í boði í einu. Börnin fá öll tækifæri til að vera valstjórar þar sem þau leiða valstund.
- Börnin fá ríkuleg tækifæri til að tjá sig í mis stórum hópum. Með auknu öryggi tjá börnin sig meira og finna að þau, skoðanir þeirra og tilfinningar skipta máli og allt ýtir það undir betri félagsleg tengsl.
- Vikulega er hreyfistund með krefjandi og fjölbreyttri hreyfingu sem reynir á kraft, styrk, jafnvægi, samhæfingu og hugrekki sem og að börnin læra stafi, hljóðkerfisvitund og fleira bóklegt í gegnum hreyfingu, skynjun og leiki með námsefninu *Leikur að læra*. Í hreyfistund reynir einnig á að skiptast á, fara eftir reglum og sýna tillitssemi. Hreyfistundirnar verða í takt við þemuvinnu deildarinnar.
- Daglega er ríkuleg útivera með frjálsum leik, vettvangsferðum og útinámi.
- Fjölmeningarvika verður haldin í janúar. Börnin vinna ýmis verkefni tengd fjölmeningu og kynnast ólíkri menningu og tungumálum landa sem tengjast börnunum á deildinni.
- Daglega er lögð áhersla á hvíld, næringu og hreinlæti.

Sköpun og menning

- Teikniþroski barna er mikilvægur hluti í heildar þroskaferli þeirra og er það hlutverk skólans að nýta þetta tjáningarform til að þroska og efla einstaklinginn. Börnin njóta þess að taka þátt í skapandi ferli og finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.
- Sköpun er gefið ríkulegt svigrúm innan hópastarfsins, í frjálsum leik og í tengslum við hátíðir og hefðir. Börnin finna efni nýtt hlutverk og fá tækifæri til að skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.
- Í leikskólanum fá börn ríkuleg tækifæri til sköpunar með margvíslegum efnivið en sérstök áhersla er lögð á endurnýtanlegan efnivið.
- Börnin kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum ásamt því syngja og læra ýmis lög tengd viðkomandi viðfangsefni.
- Í samstarfi við tónlistarskólann eru vikulegir tímar, Söngvaflóð, þar sem börnin koma saman og syngja valin lög við undirspil kennara frá tónlistarskólanum.
- Kennarar stuðla að ígrundun barnanna með því að ræða saman um ýmis málefni. Börnin segja sjálf frá, koma með póst að heiman, semja ljóð, sögur, taka upp myndbönd, leikþætti o.fl.
- Með ljóða verkefnum/teiknitúlkun í hópastarfi fá börnin tækifæri til að upplifa og túlka íslensk ljóð í gegnum myndlist.
- Í þemastarfinu er komið inn á alla þætti aðalnámskrár og þar á meðal menningu. Komið er inn á fjölmeningu, menningu ólíkra þjóða, menningu og uppruna Íslendinga í þemau íslenskt mál sem og að hátíðum og hefðum er gert hátt undir höfði.
- Með vorinu læra börnin um farfuglana og vorið og á haustin læra þau um staðfugla og haustið. Börnunum gefst tækifæri til að aðgreina fugla í sjón og hljóði. Fara í fuglaskoðunarferðir, fönndra fugla og skapa út frá eigin reynsluheim. Börnin fræðast um náttúruna og hvað fuglar þurfa til að lifa, hvað þeir borða, veðurbreytingar, hringrásir ofl.

Sjálfbærni og vísindi

- Börnin fá fræðslu um nýtingu, flokkun og endurvinnslu og eru virkir þátttakendur í öllu umhverfisstarfi leikskólans. Áhersla er lögð á að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfi okkar og lífríki með reglulegum ferðum um nærumhverfið þar sem börnin rannsaka umhverfi sitt og náttúru. Kennarar ýta undir forvitni og vangaveltur barnanna og vekja athygli á því sem gerist í umhverfi þeirra.
- Allur fjölnota efniviður er flokkaður og honum skilað í græna tunnu. Börnin flokka auk þess matarafganga og safna í moltutunnu.
- Rík áhersla er á útiveru og útinám. Börnin vinna verkefni í tengslum við árstíðabundnar breytingar í náttúrunni.
- Í myndsköpun er notast við endurnýtanlegan og náttúrulegan efnivið. Lögð er áhersla á að fara vel með hluti og efnivið.
- Umhverfisstarfi er gert sérstaklega hátt undir höfði eina viku á skólaárinu þar sem farið er ítarlega í fræðslu um náttúruna, flokkun, vistspor, rotnun, hringrásir, sóun ofl.
- Í haðpemanu læra börnin um lífríki sjávar, verndun hafsins og hringrásir.
- Börnin kynnst ýmsum lífverum í náttúrunni og lífsháttum. Farið er sérstaklega í þessu vinnu að vori þegar lífríkið lifnar við. Þá verða farfuglarnir, skordýrin og lífríkið sérstaklega tekið fyrir. Eins eru staðfuglar teknir fyrir í haust þemanu.
- Farið er í leiki og verkefni unnin eins og náttúru- og fjörubingó ofl.
- Börnin kynnst sáningu fræja og matjurta sem og kartöfluræktun.
- Á salernum eru börnin hvött til að spara vatn, sápu og pappír. Við matarborðið leitast kennarar við að kenna börnum hæfilega hófsemi við skömmtun, flokkun og endurnýtingu.
- Börnin kynnst eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu. Í nóvember er vísindavika þar sem unnið er sérstaklega með þetta þema.
- Markvisst er unnið að því að efla rökhugsun og talnaskilning barnanna. Vikulega fara börnin í leiki þar sem unnið er markvisst með stærðfræði og læsi. Kennarar fylgjast með færni barnanna og fylla út MIO skífu fyrir hvert barn.
- Í gegnum bækur, lög og þulur læra börnin að bera umhyggju fyrir fólki, dýrum og umhverfi sínu og er það mikilvægur hluti umhverfisvitundar.
- Börnin taka þátt í að undirbúa og baka fyrir uppákomudaga eins og foreldrakaffi, litlu jól og fleira ásamt uppákomum í tengslum við hátíðir og hefðir.

Jafnrétti og lýðræði

- Mikil áhersla er lögð á að leikskólastarfið endurspegli fjölbreytileika mannlífsins.
- Markmiðið er að skapa tækifæri fyrir börnin til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Kennarar vinna að því að efla þekkingu barnanna á eigin sjálfsmynd og kostum sem og annarra.
- Börnin læra um ólíkar fjölskyldugerðir, ólíka einstaklinga og að bera virðingu fyrir ólíkum lífnaðarháttum í hópastarf þemanu.
- Kennarar leggja áherslu á að börnin skiptist á og sýni tillitsemi í hópastarfi, samverustundum og öllu daglegu starfi.
- SMT - reglur skólans kveða á um mikilvægi þess að sýna tillitssemi, hlusta þegar aðrir eru að tala, virða einstaklinginn og gefa öðrum næði svo eitthvað sé nefnt.
- Í Stig af stigi er lögð áhersla á að börnin æfist í lausnaleyti og að setja sig í spor annarra. Hugað er að samskiptum barnanna, börnin eru hvött til að leysa úr vanda sjálf og nota til þess félagslegan skilning.
- Notast er við lýðræðislegar kosningar þegar ákvarðanir innan barnahópsins eru teknar t.d. þegar kjósa á nafn á hópa og við val á SMT- umbun. Hugað er að því að skipta jafnt á milli barnanna og að þau hafa öll sömu tækifæri í skólanum og fá notandi sín.